

Stjórnarfundur 1. Desember 2021

Teams

Eftirfarandi aðilar sátu fundinn:

- Friðrik Goethe
- Sigurður Ingi Jónsson
- Mörður Áslaugarsson
- Guðmundur Tryggvi Ólafsson
- Sigurveig Helga Jónsdóttir
- Bjarki Þór Kjartansson

Fastir liðir á framtíðar fundum stjórnar verða umræður um D-leyfis umsóknir, mál félagsmanna okkar hjá/við STÍ og ÍSÍ og einnig mun stjórnin ræða hluti tengda endurbótum á húsnæði þar til framkvæmdum er lokið.

Dagskrá fundarins:

1. Frestun framkvæmda
2. Jólafrí félagsins
3. Væntanlegar lagabreytingar félagsins
4. Fastir liðir
 - a. D-Leyfis umsóknir
 - b. Mál félagsmanna hjá STÍ
 - c. Endurbætur á húsnæði
5. Önnur mál

1. Frestun framkvæmda

Fulltrúar stjórnar settust niður með fulltrúa Kópavogsbæjar og fengu eftirfarandi upplýsingar:

Framkvæmdir á húsnæði félagsins munu frestast fram á sumar, en tilboðin sem komu í framkvæmdirnar voru mun hærri en verkáætlun gerir ráð fyrir. Kópavogsbær mun bjóða verkið aftur út í sumar og vonar að tilboðin verði lægri þar sem ekki jafn mikil tímaþröng er til staðar.

Ljóst er að félagsmönnum ætti að vera óhætt að nýta sér skápa á gangi fram á sumar.

2. Jólafri félagsins

Stjórnin var sammála um að hefja samræður við skotstjóra um hvenær félagið fer í jólafri og tilkynna það svo strax á vef og samfélagsmiðlum.

3. Lagarbreytingartillögur

Tillögur að lagabreytingum vegna brota á aga og öryggisreglum er í vinnslu hjá lögfræðingum og verða lagðar fyrir á næsta aðalfundi.

4. Fastir Liðir

Engar óskir eru virkar um D-Leyfi.

Engin mál félagsmanna liggja fyrir hjá STÍ.

Endurbætur á húsnæði frestast fram á sumar, sjá lið 1.

5. Önnur mál

Engin önnur mál liggja fyrir eins og er.